ÁRSSKÝRSLA

HEIMILIS OG SKÓLA

LANDSSAMTAKA FORELDRA



2020

Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra haldinn 27. maí 2021
í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla, Laugavegi 176, 105 Reykjavík.

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Laugavegi 176, 4. hæð
105 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir/Arnar Ævarsson
Umbrot og hönnun: Maður og kona ehf
Ábyrgðarmaður: Sigrún Edda Eðvarðsdóttir
Prentun: Svansprent

EFNISYFIRLIT

Inngangur

1	**Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla**		**4**
	1.1.	Stjórn	4
	1.2.	Stjórnarfundir	4
	1.3.	Starfsmenn	5
2	**Starfsemi**		**5**
	2.1.	Húsnæði	5
	2.2.	Félagsmenn	5
	2.3.	Samstarfssamningur	5
3	**Helstu verkefni**		**6**
	3.1.	Ráðgjöf og upplýsingar	6
	3.2.	Þjónusta við skólasamfélagið	7
	3.3.	Fulltrúaráð og svæðasamtök	9
	3.4.	Foreldraverðlaun Heimilis og skóla	10
	3.5.	Foreldradagurinn	12
	3.6.	Starfskynning	12
	3.7.	Heimilin og háskólinn	12
	3.8.	Dagur gegn einelti	12
	3.9.	Krakkar með krökkum	14
	3.10.	SAFT	14
4	**Útgefið efni, dreifing og vefsíða**		**17**
	4.1.	Útgáfa	17
	4.2.	Heimasíða og facebook	18
5	**Samstarf innanlands**		**18**
6	**Erlent samstarf**		**19**
7	**Lokaorð**		**21**
	Lög Heimilis og skóla - landsamtaka foreldra		**22**

INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmálaflokkum og trúfélögum. Einstaklingar eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er samstarfsverkefni um bætta og örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu og íslenskum stjórnvöldum. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum INSAFE netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum og að vera málsvari foreldra á opinberum vettvangi og taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um bætta netnotkun og netöryggi. Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2020 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

1. *STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA*

1.1. Stjórn

Kosið var til formanns og um þrjú sæti í stjórn. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir sóttist eftir endurkjöri og var kjörin. Eydís Heiða Njarðardóttir og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir sóttust eftir endurkjöri í stjórn og Funi Sigurðsson bauð sig fram til stjórnarsetu. Þau voru öll kjörin til tveggja ára með lófaklappi.

Stjórn samtakanna skipa eftirfarandi:
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður – Garðabæ
Eydís Heiða Njarðardóttir, varaformaður – Reykjavík
Funi Sigurðsson - Reykjavík
Helga Birna Gunnarsdóttir - Hafnarfirði
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir - Reykjavík
Þorvar Hafsteinsson – Kópavogi
Þórður Ingi Bjarnason, - Foreldraráð Hafnarfjarðar, Hafnarfirði

1.2. Stjórnarfundir

Haldnir voru átta stjórnarfundir á starfsárinu 2020-2021.

Kjörnir skoðunarmenn eru Hilmar Ingimundarson og Hlíf Böðvarsdóttir.

1.3. Starfsmenn

Starfsmenn samtakanna árið 2020 voru:

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT
Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri
Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri
Sigurður Sigurðsson, verkefnastjóri

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og menntunarfræði, kennslufræði, náms- og starfsráðgjöf, sálfræði, aðferðafræði, mannauðsstjórnun og alþjóðasamskiptum.



HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR
framkvæmdastjóri



GUÐBERG K. JÓNSSON
verkefnastjóri SAFT

2. *STARFSEMI*

2.1. Húsnæði

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Laugavegi 176, 4. hæð, en miðstöðin var flutt þangað í desember 2020. Áður var þjónustumiðstöðin til húsa að Suðurlandsbraut 24, 2. hæð. Húsnæðið er leigt af Reitum, fasteignafélagi. Foreldrar og aðrir geta sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðslu, efni og upplýsingar til okkar á Laugaveginum. Þar er einnig fundaraðstaða. Reitir hafa stutt samtökin með hagstæðri leigu í gegnum árin og þakka Heimili og skóli stuðninginn.



BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR
verkefnastjóri

2.2. Félagsmenn

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög auk leik-, grunn- og framhaldsskóla. Alls greiddu 2242 einstaklingar félagsgjald, þar af voru 177 nýjir félagsmenn foreldra barna í 1.bekk. Tímarit samtakanna ásamt greiðsluseðli var sent á úrtak foreldra nemenda í 1.bekk. Árið 2020 voru greidd félagsgjöld fyrir 24 skóla/foreldrafélög. Þrjú sveitarfélög greiða félagsgjald fyrir alla sína skóla og fá því afslátt af félagsgjöldum og sérkjör á aðkeyptri þjónustu, þau eru: Akureyri, Garðabær og Kópavogur.



HILDUR HALLDÓRSDÓTTIR
verkefnastjóri

2.3. Samstarfssamningur

Samstarfssamningur til fimm ára við mennta- og menningarmálaráðuneytið var undirritaður í Norðlingaskóla 3. febrúar 2020 og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2024. Samningurinn felur í sér fjárframlag til að efla samstarf heimila og skóla í landinu og sinna ákveðnum verkefnum sem tilgreind eru í samningi. Hann er mikilvæg stoð til að tryggja rekstur samtakanna og öflugt samstarf við menntayfirvöld í landinu. Samningur til lengri tíma stuðlar að stöðugleika í rekstri og öflugra starfi samtakanna.



SIGURÐUR SIGURÐSSON
verkefnastjóri


3. HELSTU VERKEFNI

3.1. Ráðgjöf og upplýsingar

Líkt og fyrri ár var reglulega leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig var óskað eftir fræðslu og hafa Heimili og skóli boðið uppá fjölbreytta fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla í gegnum tíðina. Hins vegar setti farsóttin óneitanlega strik í starfsemi samtakanna árið 2020, líkt og hjá öðrum. Aukið var við rafræn erindi, kynningar og fræðslumyndbönd en þar sem skólar voru lokaðir utanaðkomandi, þ.á.m. foreldrum, var eðli málsins samkvæmt mun erfiðara að halda uppi hefðbundinni fræðslu og foreldrastarfi. Starfsfólk samtakanna leitaðist þó við að finna nýjar lausnir og koma til móts við félagsmenn og aðra áhugasama af fremsta megni.


Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf með tölvupósti og samfélagsmiðlum, eins og hægt er. Einnig heimsækir fólk þjónustumiðstöð Heimilis og skóla til að fá ráðgjöf og efni þótt vissulega hafi dregið úr þeim heimsóknum árið 2020 af skiljanlegum ástæðum.

Þegar eðli fyrirspurna er kannað þá er langoftast haft samband til að fá upplýsingar (93,6%) en því næst koma kvartanir (4,3%) og loks er óskað eftir styrk/kynningu (2,1%),



Vegna hvers var hringt ?

Oft getur verið flókið að flokka ráðgjöfina þar sem málin eru margþætt og geta fallið undir nokkra flokka. Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar (56,9%). Því næst koma foreldrafélög/foreldraráð (18,5%), aðrir (12,3%), kennarar og skólastjórnendur (7,7%) og síðan fjölmiðlar og samstarfsaðilar (4,6%),




Hverjir hringja ?

Rétt er þó að taka fram að sjaldnast er skráð þegar fjölmiðlar hafa samband þar sem þeir hafa títt og reglulega samband út af margvíslegum málum og sjaldnast gefst færi á að skrá það enda snýr ráðgjöfin einkum að skólasamfélaginu sem slíku. Í um helmingi tilfella er ekki vitað hvort viðkomandi hefur hringt áður (53,3%) en 18,4% hafa hringt áður, 28,3% hafa ekki hringt áður sem er talsverð aukning en til gamans má nefna að hlutföllunum hér var nánast öfugt farið árið 2019 en þá voru 12,5% að hringja í fyrsta sinn. Talsverðar sveiflur eru þó oft á milli ára hvað þetta varðar.

Ráðgjöfin árið 2020 fór oftast fram í gegnum síma (80%) og hækkaði sú tíðni um 27,5% milli ára sem er kannski ekki skrýtið í ljósi aðstæðna. Hins vegar lækkaði tíðni ráðgjafar í gegnum tölvupóst úr um 25% í 13,8% og samfélagsmiðla úr 22,5% í 6,2%. Langoftast er hringt í tengslum við grunnskólastigið (87% tilvika) og því næst kemur leikskólastigið (7,4%) og loks framhaldsskólinn (5,6%).

Yfirleitt er hringt vegna nemanda og skiptist ráðgjöfin þá í nám annars vegar og líðan hins vegar. Þegar kemur að námi er oftast hringt vegna réttinda foreldra og nemenda (28%) og kennslu (28%). Því næst er hringt vegna vinnuaðstæðna nemenda (10%) og vegna samskipta við sveitarfélag/fræðsluskrifstofu (10%). Þar á eftir er námsefni (8%) og námsörðugleikar (8%) og loks heimanám (4%) og námsmat (4%). Þegar kemur að líðan nemanda er oftast hringt vegna velferðar nemenda (39,8%) og því næst vegna eineltis (23,7%). Þar á eftir kemur nemendavernd (13%) og félagsleg einangrun (8,7%). Aðrir þættir eru 14,8 % sem tengjast andlegum/líkamlegum þáttum og vegna greininga nemenda. Oft skarast flokkunin þar sem sama mál getur fallið undir nokkra flokka. Foreldrafélög og foreldrasamtök spurðu oftast um réttindi og skyldur (32%) og óskuðu eftir ráðgjöf og handleiðslu með skipulag (32%). Í 24% tilvika var óskað eftir fræðslu/fyrirlestrum og síðan spurt um aðkomu að stjórnsýslu (12%). Þegar ráðgjöfin tengdist skólanum var oftast rætt um aðbúnað, öryggi og umhverfi (37,5%) og því næst samskipti (25%) og persónuvernd (25%). Loks komu ráðgjöf tengd skólanámskrá (8,3%) og ferðum (4,2%).

Hluti ráðgjafarinnar tengist netnotkun og fellur þá undir SAFT verkefnið: Samfélag, fjölskylda og tækni. Ráðgjöfin skiptist á eftirfarandi hátt: netöryggi/siðferði (20%), námsefni/fræðsla (15%), persónuvernd (15%), annað (15%), neteinelti (10%), ofnotkun (10%), lög og reglur (10%) og klám (5%).



Ráðgjöf tengd netöryggi

SAFT hjálparlínan er hluti af hjálparlínu Rauða krossins, 1717. Ráðgjöfin sem hjálparlína Rauða krossins sinnti árið 2020 skiptist á eftirfarandi hátt: sálræn vandamál (48,72%%), félagsleg vandamál (11,82%), heilbrigðisvandamál (4,33%), ofbeldi (4,33%), neysla og fíkn (3,17%), kynferðismál (1,44%), spilavandi (0,17%) og ýmislegt (35,64%). Við þetta bættust tveir nýir flokkar: Covid 19 – hagnýt upplýsingagjöf (5,27%) og Covid-19 – sálfélagslegur stuðningur (0,60%).

3.2.

Þjónusta við skólasamfélagið

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um nám og velferð barna og unglinga. Árið 2020 reyndi sannarlega á alla þætti þjóðfélagsins og upplýsingaflæði milli heimila og skóla var gríðarlega mikilvægt í fordæmalausum og krefjandi aðstæðum. Finna þurfti nýjar leiðir til að miðla fræðslu og upplýsingum og endurhugsa sífellt hvernig veita mætti þjónustu. Skólar voru og eru þegar þetta er ritað lokaðir fyrir utanaðkomandi aðilum og vegna sóttvarna máttu foreldrar ekki koma í skólann nema brýna nauðsyn bæri til. Því hefur reynst snúið að sinna foreldra- og bekkjarstarfi en fulltrúar foreldra hafa þó margir leitað annarra leiða og sýnt ákveðna nýsköpun í krefjandi aðstæðum, til dæmis með því að bjóða upp á rafræna fræðslu og undirritun foreldrasáttmálans, halda fundi í gegnum fjarfundabúnað, senda piparkökudeig í skólann fyrir jólaföndur með góðum kveðjum frá foreldrafélagi, bjóða upp á morgunhressingu o.s.frv.

Heimili og skóli reyndu að sinna upplýsingahlutverki sínu vel á tímum farsóttarinnar og tóku virkan þátt í allri umræðu með menntayfirvöldum og í fjölmiðlum. Funduðu samtökin reglulega með samráðshópi um skólahald, voru í sambandi við fulltrúa foreldra og aðra hagsmunaaðila, gáfu út efni og greinar og voru til viðtals í fjölmiðlum. Í upphafi árs unnu samtökin að því að aðstoða foreldrafélög við skráningu til skattsins á raunverulegum eigendum.

Um miðjan mars sendu samtökin út ábendingu til skólastjórnenda um skýra upplýsingagjöf til foreldra og foreldrafélaga varðandi Covid-19 veiruna og samkomubann. Mikilvægt væri að hún væri regluleg og skýr og að sinna yrði áfram virku samtali milli heimila og skóla. Farið var yfir helstu atriði í þessu samhengi í umræddum pósti og á vefsíðu samtakanna og samfélagsmiðlum. Orðsending til foreldra var send út skömmu síðar undir yfirskriftinni „Til foreldra á tímum heimsfaraldurs“ með góðum ráðum, hvatningu og ósk um góðar ábendingar og gagnlegt efni. Einnig var send út grein undir yfirskriftinni „Fimm ráð til foreldra á tímum heimsfaraldurs” á ensku og íslensku og henni deilt á helstu miðlum. Komið var á framfæri leiðbeiningum frá Landlækni um samgang barna eftir skólatíma og fleiri atriði sem sneru að foreldrum og skólabörnum. Stjórn Heimilis og skóla sendi frá sér áskorun vegna verkfalls Eflingar í maí þar sem skólahald hafði verið með verulega skertum hætti og jafnvel legið niðri í margar vikur í mörgum leik-, grunn- og framhaldsskólum vegna Covid-19 og því til viðbótar höfðu nemendur í einstökum leik- og grunnskólum í Kópavogi og á Seltjarnarnesi ekki getað sótt skóla í lengri eða skemmri tíma vegna verkfalls Eflingar og fyrirséð var að fleiri leikskólar myndu lenda í vandræðum með að halda úti starfsemi ef verkfallið drægist á langinn. Stjórn lýsti því yfir þungum áhyggjum af skólagöngu og velferð þessara nemenda og skoraði á samningsaðila að ganga til samninga eins fljótt og auðið væri. Í október var sent út bréf til skólastjórnenda og foreldrafélaga undir yfirskriftinni „Foreldrastarf á tímum heimsfaraldurs“ og því deilt á heimasíðu, í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Í því var hvatning til fulltrúa foreldra og góð ráð og tillögur um foreldrastarf á tímum heimsfaraldurs og ábendingar um gagnlegt efni. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, var síðan gestur á fundi Almannavarna þann 19. október 2020. Ritaðar voru fjöldamargar greinar í fjölmiðla bæði um málefni líðandi stundar í tengslum við farsóttina en einnig önnur málefni heimilis og skóla. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður Heimilis og skóla ritaði grein um stöðu framhaldsskólanema á tímum heimsfaraldurs í byrjun desember en miklar áhyggjur voru í samfélaginu af námi þeirra og velferð þar sem framhaldsskólanemar gátu lítið sem ekkert stundað staðnám á árinu. Farsóttin hafði vissulega áhrif á starfsemi heimila og skóla líkt og annarra á árinu og því miður reyndist ekki unnt að framkvæma öll verkefni og áætlanir eins og til stóð. En í stað þess að leggja árar í bát var reynt eftir fremsta megni að laga starfsemina að aðstæðum og finna nýjar leiðir.

Samtökin hafa í gegnum tíðina boðið upp á fræðslu, fyrirlestra og námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og má í raun segja að öll fræðslan sé í eðli sínu forvarnafræðsla. Boðið er m.a. upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, Foreldrasáttmálann, Læsissáttmálann, einelti og vináttufærni og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga og bætta netnotkun barna og unglinga fyrir börn og foreldra ásamt fræðslu í samstarfi við sérfræðinga um tiltekin málefni. Auk þessa má sníða fræðsluna að þeim þörfum sem uppi eru hverju sinni. Árið 2020 fór fræðsla eðli málsins samkvæmt í auknu mæli fram í gegnum netið, m.a. með fræðsluröðinni Heimilin og háskólinn, og við sendum tímarit til allra félagsmanna, skóla, bókasafna og samstarfsaðila um haustið.

Heimili og skóli vinna að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök í gegnum fulltrúaráðið. Markmið þessa grasrótarstarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Einnig er listi yfir samstarfsaðila.

3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök

Svæðasamtök foreldra starfa víða um land. Þau eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og haft áhrif á skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur en einnig til að styrkja gott starf í samfélaginu.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa til setu í fulltrúaráði samtakanna.

Ný svæðasamtök grunnskólaforeldra, AK-HVA, voru stofnuð á fjölmennum fundi í Brekkubæjarskóla á Akranesi 25. febrúar 2020. Að samtökunum standa foreldrafélögin í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla á Akranesi og Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit og er tilgangurinn að auka samstarf félaganna um skólamál, uppeldi og menntun. Þessi samtök bætast nú í hóp fjölda annarra svæðasamtaka um land allt sem mynda fulltrúaráð Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra. Tinna Steindórsdóttir foreldri í Brekkubæjarskóla stýrði samkomunni en hún hefur borið hitann og þungann af undirbúningi fyrir stofnun samtakanna ásamt fulltrúum úr foreldrafélögum allra skólanna. Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla, Heiðrún Janusdóttir forvarnarfulltrúi á Akranesi og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Heimilis og skóla, héldu stutt erindi um foreldrastarf, mikilvægi foreldra í forvörnum og hlutverk svæðasamtaka. Nemendur skólanna þriggja buðu einnig upp á frábær tónlistaratriði. Við hjá Heimili og skóla óskum öllum sem að stofnun samtakanna standa innilega til hamingju og hlökkum til samstarfs við foreldra á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit.

Haldinn var fulltrúaráðsfundur á Zoom, miðvikudaginn 27. maí 2020 kl.16:30. Hluti stjórnar og starfsmenn voru mætt í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla en aðrir tóku þátt í gegnum Zoom. Formaður Heimilis og skóla setti fundinn og hélt hélt erindi um stöðu skólasamfélagsins, samstarf við kennaraforystuna og raunveruleika skólaforeldra í dag. Einnig ræddi hún samskipti heimila og skóla og deildi hugleiðingu um hvort þörf væri á að endurskilgreina hlutverk allra í skólasamfélaginu með það að markmiði að vinna betur saman. Því næst kynnti framkvæmdastjóri Heimilis og skóla samtökin, fór stuttlega í sögu samtakanna, tilgang og stefnu. Þá fjallaði hún um uppbyggingu og skipulag skólasamfélagsins og foreldrasamstarfs og kynnti helstu verkefni, fræðslu og samstarfsverkefni sem samtökin vinna að. Þá kynnti Sigurður Sigurðsson, verkefnastjóri, lykiltölur úr ráðgjöf Heimilis og skóla frá síðustu árum. Einnig var rætt um hvernig kynna mætti samtökin fyrir nýjum skólaforeldrum, nýjungar í námskeiðahaldi samtakanna, eflingu svæðasamtaka og önnur mál. Frekari upplýsingar er að finna í fundargerð en fundi var slitið kl.18:20.

Önnur mál sem rædd voru í fulltrúaráði á árinu sneru m.a. að nýrri menntastefnu til ársins 2030 og skráningu á raunverulegum eigendum hjá Ríkisskattstjóra en með nýjum tilmælum þurfti að skrá einstakling sem „eiganda foreldrafélags." Eftir stóð spurningin, hver á foreldrafélög? Þótti þessi ráðstöfun íþyngjandi fyrir sjálfboðaliða. Talsverð vinna fór í að leiðbeina foreldrafélögum við skráninguna. Þegar farsóttin skall síðan á af fullum þunga var rætt um sóttvarnir í skólum og samskipti barna utan skólatíma, en margir foreldrar voru tvístígandi með þetta. Heimili og skóli sendu fyrirspurn til Embættis landslæknis, sóttvarnarlæknis og Almannavarna og fengu þar svör og leiðbeiningar og í kjölfarið gaf Embætti landlæknis út opinberar leiðbeiningar í þessu samhengi. Heimili og skóli sendu einnig gagnlegt efni og ábendingar til foreldrafélaga á tímum farsóttar auk fimm ráða til foreldra á tímum heimsfaraldurs á íslensku og ensku og gáfu út á heimasíðu sinni.

3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla

Foreldraverðlaunin voru afhent í 25. sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu á afmælisdegi samtakanna, 17. september 2020, en samtökin fögnuðu 28 ára afmæli. Lilja D. Alfreðsdóttir, ráðherra mennta- og menningarmála, ávarpaði samkomuna og afhenti verðlaunin en að þessu sinni hlutu Smiðjur í Djúpavogsskóla og nytjamarkaðurinn NOTÓ Foreldraverðlaun Heimilis og skóla. Einnig var útnefndur Dugnaðarforkur Heimilis og skóla og veitt voru Hvatningarverðlaun. Sérstök dómnefnd fór yfir allar tilnefningar líkt og vant er. Foreldrafélag Djúpavogsskóla fékk haustið 2018 húsnæði hjá Djúpavogshreppi og setti á laggirnar nytjamarkaðinn Notó, en enginn nytjamarkaður eða móttaka heilla hluta var fyrir á Djúpavogi. Rekstrarformið er þannig að Notó er opið einu sinni í viku og sjá nemendur skólans um að raða, verðleggja og afgreiða. Einn bekkur sér um hverja opnun undir leiðsögn eins til tveggja foreldra. Innkoma Notó rennur svo beint til barnanna og meðal þess sem fjármagnað hefur verið eru útirólur, leikrit, fyrirlestrar og stutt ferðalög fyrir nemendur. Þá hefur foreldrafélagið boðið upp á fjölbreyttar smiðjur, örnámskeið og fyrirlestra í nokkur ár. Markmiðið er að bjóða upp á einn til tvo viðburði á Smiðjuhelgi frá utanaðkomandi aðila og virkja foreldra og mannauð Djúpavogshrepps. Hefur það tekist með eindæmum vel og frábær stemning skapast meðal barna og foreldra og er Smiðjuhelgin orðin fastur viðburður í félagslífi skólans.



Dugnaðarforkur Heimilis og skóla

Dugnaðarforkur ársins 2020 er Ragnheiður Davíðsdóttir. Hún hefur unnið að samstarfi heimila og skóla í sínu nærsamfélagi í mörg ár og í tilnefningu segir að henni séu félagsmálin hugleikin og að hún sé í góðu sambandi við félagsmiðstöðina og hverfamiðstöðina í hverfinu. Hún hefur setið í stjórn foreldrafélags Seljaskóla í mörg ár og verið bekkjarfulltrúi í Seljaskóla nær sleitulaust síðan árið 2004, eða þar til hún tók við formennsku í foreldrafélagi Seljaskóla. Í tilnefningu segir einnig að hún hafi haldið lífi í hverfisrölti foreldra.



Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla

Hvatningarverðlaunin hlaut verkefnið Bókabrölt í Breiðholti. Foreldrafélögin fimm í Breiðholti hleyptu af stokkunum samfélagsverkefninu Bókabrölt í Breiðholti. Foreldrafélögin bjuggu hvert um sig til bókaskáp og fóstra hvert sinn bókaskáp sem eru staðsettir á fimm stöðum í Breiðholtinu en þar er hægt að gefa bók og þiggja bók. Í hillurnar má gefa allar tegundir bóka, á öllum tungumálum fyrir allan aldur. Tengt Bókabröltinu ákváðu foreldrafélögin í Breiðholtinu að kaupa bókaviðgerðarvél fyrir skólasöfnin í skólunum fimm. Þessi vél er einstök því með henni er hægt að gera við bækur þar sem blaðsíðurnar hafa losnað frá bókakjölunum þannig að þær verða aftur sem nýjar.





Við óskum vinningshöfum innilega til hamingju og þökkum kærlega fyrir þeirra starf í þágu skólasamfélagsins. Vanalega eru Foreldraverðlaun Heimilis og skóla afhent að vori en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var afhendingu frestað til haustsins og ákveðið að afhenda verðlaunin á afmælisdegi samtakanna. Vissulega var athöfnin með ögn breyttu sniði og fámennari vegna aðstæðna en þó afar ánægjuleg. Gestir nutu þess að hlusta á tónlistarflutning frá Suzukipíanóskólanum en Inga Margrét Bragadóttir, nemandi í 10. bekk Réttarholtsskóla, lék á píanó og Ellen María Arnarsdóttir, nemandi í 8. bekk Hvaleyrarskóla og sigurvegari í Stóru upplestrarkeppninni fór með frumsamið ljóð.

Mikilvægt er að vekja athygli á því sem vel er gert í okkar samfélagi og ekki hvað síst nú þegar við þurfum að fást við ýmsar áskoranir meðal annars í foreldrastarfi þegar aðgangur foreldra að skólum er takmarkaður. Saman áorkum við miklu meiru en sundruð og Foreldraverðlaunin minna okkur á hverju samtakamátturinn fær skilað.

Við þökkum Blómavali, IKEA, Svansprent og Suzukipíanóskólanum fyrir að styðja við Foreldraverðlaunin árið 2020.

Í dómnefnd árið 2020 sátu:

- Eydís Heiða Njarðardóttir, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
- Anna María Gunnarsdóttir, Kennarasamband Íslands
- Guðni R. Björnsson, forvarnaráðgjafi
- Ingibjörg Guðmundsdóttir, Embætti landlæknis
- Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Stefanía Sörheller, Reykjavíkurborg
- Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð

Við þökkum dómnefnd vel unnin störf.

Sú hefð hefur skapast að ráðherra mennta- og menningarmála heimsæki verðlaunahafa Foreldraverðlaunanna ásamt fulltrúum Heimilis og skóla til að kynna sér verðlaunaverkefni og skólastarf. Verkefnið Hjólakraftur í Norðlingaskóla hlaut Foreldraverðlaunin árið 2019 og leiddu skólastjórnendur gesti um skólann með viðkomu í dönskutíma og íþróttum í unglingadeild og list- og verkgreinakennslu hjá yngsta stigi 3. febrúar 2020. Því næst áttu ráðherra og formaður Heimilis og skóla samtal við fulltrúa nemendaráðs og fengu að kynnast lýðræðislegu starfi í skólanum t.d. er kemur að áherslum í námi, og þar á eftir kynntu Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og Þorvaldur Daníelsson, eigandi Hjólakrafts, verkefnið í Norðlingaskóla og gestir gæddu sér á gómsætum veitingum í boði skólans. Að lokum var samningur milli ráðuneytis og Heimilis og skóla undirritaður og handsalaður milli mennta- og menningarmálaráðherra og formanns Heimilis og skóla.

3.5.

Foreldradagurinn

Foreldradagurinn var haldinn í tíunda sinn 27. nóvember 2020 en með talsvert öðru sniði í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Boðið var upp á rafræn erindi frá Persónuvernd, Menntavísindasviði/UPRIGHT verkefninu og Heimili og skóla/SAFT sem gerð voru aðgengileg á YouTube á Foreldradeginum og var markmiðið að bjóða foreldrum og öðrum áhugasömum upp á góð og gagnleg erindi sem auðvelt væri að nálgast hvenær sem er. Enn má nálgast erindin á YouTube rásum Heimilis og skóla og SAFT. Eftirfarandi erindi voru útbúin í tilefni dagsins:

- „Um ábyrga nethegðun og persónuvernd barna“ – Steinunn Birna Magnúsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri yfir málefnum barna hjá Persónuvernd.
- „Stuðlað að aukinni vellíðan og seiglu ungmenna“ – Unnur Björk Arnfjörð, verkefnastýra UPRIGHT verkefnisins
- „Stafræn borgaravitund foreldra – fyrstu niðurstöður foreldrakönnunar“ – Sigurður Sigurðsson, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og SAFT

3.6.

Starfskynning

Heimili og skóli hafa í gegnum tíðina tekið á móti háskólanemum í starfskynningu en vegna farsóttarinnar fór kynningin fram í gegnum Zoom-fjarfundabúnað í þetta sinn og bauðst nemum í uppeldis- og menntunarfræði að taka þátt í henni í haust.

3.7.

Heimilin og háskólinn

Menntavísindasvið í samstarfi við Heimili og skóla ýtti úr vör fyrirlestraröð fyrir foreldra á netinu. Viðburðir voru haldnir á Zoom og urðu þrettán talsins. Rúmlega 400 manns tóku þátt í fræðslufundunum og viðfangsefnin voru jafn fjölbreytt og þau voru mörg: geðheilsa, útivera, svefn, samskipti, heimastærðfræði, fjölskyldan, leikur, kynfræðsla, einelti, heimspekileg samræða með börnum, framhaldsskólaneminn, samræming vinnu og fjölskyldulífs og tengsl heimila og skóla. Einn fyrirlestur fór fram á ensku og fjallaði um tungumálanám á tímum farsóttar og var hann ætlaður foreldrum barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Verkefnið tókst vel og foreldrar mættu ýmist á Zoom í beinni eða hlóðu niður upptökum síðar. Enn er hægt að nálgast upptökur af fyrirlestrunum á bakhjarlasíðu Menntavísindasviðs sem Heimili og skóli eru einnig samstarfsaðilar að en þar er að finna umfangsmikið þekkingar- og tenglasafn með aragrúa upplýsinga fyrir kennara og uppalendur (bakhjarl.menntamidja.is). Allir gáfu vinnu sína í verkefninu.

3.8.

Dagur gegn einelti

Dagur gegn einelti var haldinn í ellefta sinn en hann var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti hér á landi 8. nóvember árið 2011 og hefur síðan verið haldinn fyrsta virka dag kringum þá dagsetningu, sem var 9. nóvember þetta árið. Markmiðið með deginum er m.a. að efna til umræðu, fræðslu og viðburða til að vinna gegn einelti, hvetja til jákvæðra samskipta og efla vináttu. Heimili

og skóli tóku yfir umsjón með dagskrá Dags gegn einelti af Menntamálastofnun haustið 2019 og gerðu samning þar að lútandi til 31. desember 2021. Hefð er fyrir því að á þessum degi séu veitt hvatningarverðlaun, einstaklingi eða verkefni sem hefur að markmiði að vinna gegn einelti og styðja við jákvæð samskipti. Skólar og foreldrafélög eru einnig hvött til að standa fyrir verkefnum eða gera eitthvað táknrænt sem hvetur til jákvæðra samskipta. Árið 2020 var í fyrsta skipti hægt að tilnefna einstakling eða verkefni til verðlaunanna á heimasíðu Heimilis og skóla og fór fagráð eineltismála yfir þær tilnefningar sem bárust og ákváðu hver skyldi hljóta verðlaunin. Í ljósi aðstæðna var ekki hægt að halda fjölmennan viðburð en við létum þó ekki deigan síga og sköpuðum hátíðlega stund í Kristalsal Þjóðleikhússins þar sem mennta- og menningarmálaráðherra afhenti verðlaunin ásamt formanni Heimilis og skóla í beinni útsendingu. Streymt var frá afhendingu hvatningarverðlaunanna á fésbókarsíðu Heimilis og skóla.

Laufey Eyjólfsdóttir, kennari og umsjónarmaður með Olweusarverkefninu í Melaskóla, hlaut verðlaunin árið 2020. Fjölmargar tilnefningar bárust og þar af 21 með nafni Laufeyjar og rökstuðningi fyrir því af hverju hún ætti að hljóta þennan heiður. Laufey hefur haft umsjón með Olweusarverkefninu í Melaskóla frá árinu 2004 eða í rúm 16 ár og hefur verið óþreytandi við að stuðla að vellíðan barna í skólanum. Í rökstuðningi segir m.a. að Laufey hafi unnið að því að styðja og leiðbeina starfsfólki skólans við að efla góðan skólabrag og koma óæskilegri hegðun og samskiptum í réttan farveg. Eineltiskannanir síðustu ára benda til þess að árangur af starfi skólans í málaflokknum sé að skila sér í bættum samskiptum og færri eineltismálum. Hér á eftir fer tilvitnun úr einni af tilnefningunum sem er lýsandi fyrir starf Laufeyjar í gegnum árin: „Hún heldur kennurum og öðru starfsfólki skólans við efnið með því að vera sífellt að deila hugmyndum að verkefnum fyrir bekkjarfundi eða samræður, gefa kennurum tækifæri til að ígrunda um mikilvæg málefni. Hún fræðir nýtt starfsfólk sem kemur til starfa, styður okkur kennarana þegar upp koma mál sem ganga þarf í. Hún er einfaldlega alltaf til staðar og ég ásamt öllum sem til þekkja vitum að þessi elja hennar og staðfesta hefur skipt sköpum í því að bæta líðan nemenda við skólann. Gera skólann að griðarstað þar sem allir eiga að fá að vera öruggir, á sínum forsendum og ánægðir með sjálfa sig eins og þeir eru.” Úr umsögn fagráðs gegn einelti segir: „Laufey sýnist okkur vera einstaklingur með hjartað á réttum stað, með næmt auga fyrir því sem betur má fara í samskiptum og ómetanlegur drifkraftur í svo stórum skóla sem Melaskóli er. Það er ómetanlegt fyrir skólasamfélag Melaskóla að njóta góðs af hennar störfum, enda þarf ekki að velkjast í vafa um að þarna er eldhugi að verki sem brennur fyrir velferð barna.”

Einnig var frumsýnt nýtt myndband sem Heimili og skóli settu saman í tilefni dagsins og var yfirskrift þess: Dagur gegn einelti – skilaboð til þín. Þar koma fram fyrirmyndir í samfélaginu svo sem forseti Íslands, leikarar, rithöfundar, þáttastjórnendur, íþróttamaður, sérfræðingur, ráðherra og fleiri með skilaboð gegn einelti. Yfirskrift myndbandsins er: Dagur gegn einelti - skilaboð til þín og þar eru persónuleg skilaboð frá fyrrnefndum fyrirmyndum sem ætluð eru áhorfandanum. Myndbandinu er ætlað að vekja almenning til umhugsunar um eðli og alvarleika eineltis og að við höfum öll eitthvað að segja um hvort það viðgengst eða ekki. Hægt er að sýna það við ýmis tækifæri og nýta m.a. annars við kennslu og umræður.



3.9. Krakkar með krökkum

Krakkar með krökkum er yfirskrift verkefnis gegn einelti sem Heimili og skóli og SAFT unnu í samstarfi við söng- og leikkonuna Sölku Sól Eyfeld og Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og einn eigenda KVAN. Undirbúningur verkefnisins fór fram árið 2018 og fyrsta umferð var í upphafi árs 2019. Markmiðið með verkefninu er að stuðla að samstarfi og jákvæðri menningu í skólasamfélaginu og koma á fót sjálfbæru verkefni sem stuðlar að forvörnum gegn einelti og vináttufærni með því að hvetja krakka til að standa með öðrum krökkum og eiga í góðum samskiptum sín á milli. Verkefnið er hugsað út frá hugmyndafræði jafningjafræðslu og reynslunáms. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir foreldra og skólastarfsfólk á sama tímabili.

Árið 2020 tóku fjórir skólar þátt í verkefninu: Klébergsskóli, Kópavogsskóli, Setbergsskóli og Ölduselsskóli. Fyrst fóru fram undirbúningsfundir með skólateymum allra skólanna í janúar og svo rétt náðist að halda okkar fræðslu í skólunum fjórum áður en farsóttin skall á af fullum þunga. Það hafði eðli málsins samkvæmt einhver áhrif á framkvæmd verkefnisins í kjölfarið í skólunum og tafði hana en þó var bót í máli að öll tæki og þekking voru þá fyrir hendi þegar færi gafst. En aðlaga þurfti þó fræðsluna með tilliti til aðstæðna. Verkefnið var styrkt af Lýðheilsusjóði árið 2019.

3.10. SAFT Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist Safer Internet Action Plan, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnin voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2021, undir formerkjunum Better Internet. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar meginaðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org og www.betterinternetforkids.eu) og er samhæft af evrópska skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org). Verkefnastjórar sækja reglulega samstarfsfundi og ráðstefnur ýmist í eigin persónu eða með fjarfundi.

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem styrkt er af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, og þremur ráðuneytum: mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.
Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniiðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Einnig hafa skólastarfsmenn fengið fræðslu frá SAFT.
Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, samgöngu- og sveitarstjórna og félagsmála, Háskóla Íslands, Barnaheill, Fjölmiðlanefnd, Ríkislögreglustjóra, Rauða krossi Íslands, Persónuvernd auk verkefnisstjóra SAFT. Í baklandi verkefnisins sitja fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífinu, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnastjórn INSAFE og ýmsum nefndum og ráðum á vegum Evrópusambandsins.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2020 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar.

Fræðsluerindi

Fjölmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um land allt fyrir nemendur, kennara, foreldra og starfsfólk heilsugæslu og þjónustumiðstöðva. Boðið var upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Kóvid hafði talsverð áhrif á fjölda erinda sem hægt var að bjóða upp á en fræðslan var að stórum hluta færð yfir á fjarfundarbúnað fyrir þá sem vildu.

Vefsíður

Heimasíða verkefnisins er saft.is. SAFT er líka með Facebook, Twitter síður og Youtube rás.

Ábendingahnappur

Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT en Barnaheill - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra halda utan um verkefnið.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í sautjánda sinn 11. febrúar 2020. Þemað var „Sameinumst um að gera netið betra!" og yfir 160 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. Í tilefni dagsins var bæklingnum Ung börn og snjalltæki dreift til foreldra leikskólabarna um allt land. Sama dag fór af stað kynningarátak um ábendingalínu SAFT undir yfirskriftinni ,,Þú getur hjálpað okkur að eyða því versta". SAFT stóð einnig fyrir tveimur málþingum þennan dag, undir yfirskriftinni „Ung börn og snjalltæki – grunnur að góðri byrjun", og sendi nýtt kennsluefni til allra grunnskóla landsins.

UngSAFT - Ungmennaráð SAFT

Ungmennaráð SAFT hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmennum á aldrinum 14-17 ára sem koma víðsvegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig kenna megi ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og gefur álit sitt á fræðsluefni sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins taka þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið. Starf UngSAFT fór að stærstum hluta fram á netinu í ár vegna samkomutakmarkana. Haldnir voru netfundir í ráðinu ásamt þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.

Fulltrúar UngSAFT tóku þátt í BIK youth panel sem fór fram á netinu í þetta skipti. Ungmennin unnu að verkefnum í hópum daganna 18. og 19. nóvember og kynntu svo afrakstur sinn 24. nóvember á Safer internet forum. Íslenska sendinefndin vakti mikla lukku fyrir jákvæðni og virka þátttöku í hópastarfinu og fékk sérstakt hrós frá skipuleggjendum ráðstefnunar.

Stórt og mikið markaðsstarf fyrir UngSAFT hefur verið í undirbúningi árið 2020 en vegna takmarkana í samfélaginu okkar sem og í grunnskólum erum við enn í viðbragðsstöðu með að auglýsa af krafti. Talsvert markaðsefni var klárað, meðal annars plakköt, myndbönd og merktar peysur sem ungmennin geta mætt í á viðburði þegar þau fara að mæta á viðburði fyrir hönd UngSaft.

Evrópuráð um stafræna velferð

Þátttaka UngSAFT í Evrópuráði um stafræna velferð hélt áfram rafrænt í ár í skugga veirunnar. Hætta þurfti við allar ferðir erlendis en netfundir héldu áfram. Afrakstur vinnu ráðsins kom út á árinu en það er námsbókin All aboard for DigiTown sem er kennslubók sem unglingarnir áttu stóran þátt í að hanna í samstarfi við sérfræðinga. Bókin er ætluð nemendum á miðstigi. Á árinu var ráðist í þýðingu á bókinni „Allir um borð til Netbæjar!" (All aboard for DigiTown). Bókin inniheldur fjölmörg verkefni fyrir 9-12 ára börn til að styrkja stafræna borgaravitund. Bókin byggir á vinnu sérfræðingahóps um stafræna borgaravitund í menntun hjá Evrópuráðinu. Bókin verður gefin út og dreift til grunnskóla landsins á haustönn 2021.

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð

SAFT leiðir Evrópuráðsverkefni um hatursorðræðu á netinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn. Verkefnið stuðlar að jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis og styðja þau í að verja mannréttindi á netinu. Sigurður Sigurðsson, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og SAFT sótti rafræna fundi og námskeið frá Ekkert hatur sem fóru öll fram á netinu í ár. Jafnframt var Sigurður virkur í alþjóðlegum starfshópi á vegum No Hate.

Stafræn borgaravitund foreldra

Evrópuráð stóð fyrir könnun meðal evrópskra foreldra og var markmiðið að kanna stöðu stafrænnar borgaravitundar þeirra og helstu áskoranir sem mættu þeim í tengslum við heimanám barna sinna í gegnum lokanir skólanna vegna faraldursins. Það voru 47 þjóðir sem tóku þátt, og var þátttaka íslenskra foreldra til fyrirmyndar. Heimili og skóli og SAFT sáu um framkvæmd verkefnisins hér heima. Drög að lokaskýrslu liggja fyrir, en lokaskýrsla mun koma út í febrúar 2021.

Siðareglur fyrir Facebook-hópa foreldra

Í samstarfi við SAMFOK og Sjónarhól, voru gefnar út siðareglur fyrir Facebook-hópa foreldra. Tilgangur verkefnisins er að auðvelda samskipti milli foreldra, til að ræða ýmis málefni sem tengjast bekknum/árganginum og auðvelda foreldrum að styðja við góðan bekkjaranda og góðan skólabrag á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Snjall Vagninn – Stafræn borgaravitund barna

Á árinu, í samstarfi við önnur Norðurlönd, Insight og Huawei, var farið í þýðingu og aðlögun á belgísku kennsluefni (e. Smartbus) þar sem markmiðið er að efla stafræna borgaravitund nemenda á unglingastigi. Í aðdraganda verkefnisins stóðu Norðurlöndin fyrir könnun meðal nemenda á unglingastigi, en niðurstöður könnunarinnar, sem verður formlega birt snemma árs 2021, voru notaðar til að móta efnistök fræðslunnar. Sökum faraldursins var ekki hægt að heimsækja grunnskóla landsins, en þess í stað fengum við Lalla töframann til þess að halda erindin á netinu. Um 500 nemendur hafa hlustað á fræðsluerindin og hafa viðbrögð nemenda og kennara verið mjög jákvæð. Haldið verður áfram með þessa fræðslu 2021.

Ný birtingarmynd kynferðisbrota gegn börnum og unglingum

Í samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, SAMFOK, Heimili og skóla og SAFT, var athygli foreldra vakin á nýrri birtingarmynd kynferðisbrota gegn börnum og unglingum. Komið hafa upp nokkur tilvik á síðustu mánuðum þar sem fullorðnir aðilar hafa verið að greiða ungmennum á grunnskólaaldri peninga fyrir kynferðislegar ljósmyndir. Leið þeirra að samskiptum við ungmennin er í flestum tilvikum í gegnum spjall á netinu og þá helst Snapchat og Instagram auk þess sem Tik tok og appið Telegram hafa verið nefnd. Í orðsendingu voru foreldrar hvattir til þess að skoða þessi mál vandlega og um leið bent á ýmis heilræði sem gætu nýst þeim.

Sterkari út í lífið

Verkefnið Sterkari út í lífið hefur það að markmiði að auka aðgengi foreldra að efni sem hægt er að nota heimavið og styrkir sjálfsmynd. Sálfræðingar Höfðabakka eru framkvæmdaraðili verkefnisins en í því er fjöldi samstarfsaðila. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, Hrefna Sigurjónsdóttir sat í framkvæmdahópi. Síðan sterkariutilifid.is er með greinasafn og verkfærakistur fyrir foreldra og hvílir allt efni sem þar er á traustum og gagnreyndum grunni. Þar er einnig að finna upplýsingar um samstarfsaðila. Einnig er hægt að fylgjast með Facebook-síðu verkefnisins.

4. *ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA*

4.1. Foreldrasáttmáli, handbækur og bæklingar

Foreldrasáttmálinn er vinsælt og sniðugt verkfæri til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamætti þeirra. Á heimasíðu samtakanna eru kynningarglærur fyrir Foreldrasáttmála sem auðvelda fulltrúum foreldra kynningu og fyrirlögn sáttmálans. Einnig hefur verið mikill áhugi á sáttmálanum erlendis frá í tengslum við íslenska forvarnamódelið og var hann því þýddur á ensku fyrir alla aldurshópa og er einnig til á pólsku. Samtökin hafa um árabil dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum og bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli). Upplýsingar um eldra efni sem enn er í dreifingu má finna á http://heimiliogskoli.is og http://saft.is

Læsissáttmáli

Sáttmálanum svipar til Foreldrasáttmála Heimilis og skóla en hann inniheldur sex atriði um lestur og læsi sem rædd eru á fundi bekkjarforeldra með umsjónarkennara og ítarefni dreift. Umræðurnar eru síðan rammaðar inn með undirskrift sáttmálans á táknrænan hátt og hann hengdur upp í skólastofu nemenda. Auk sáttmála og ítarefnis eru til bókamerki, kvittanahefti og ískápsseglar sem tengjast verkefninu sem kom fyrst út árið 2016.

Tímarit

Árið 2020 var þema tímarits Heimilis og skóla „skólabyrjun“ en óhjákvæmilega litaðist það líka af umfjöllun um skólastarf á tímum farsóttar. Tímaritið kom út í september og var dreift til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla, bókasafna, félagsmanna Heimilis og skóla og úrtaks foreldra barna í 1. bekk. Tímaritið var prentað í 10.000 eintökum og hlaut afar góðar viðtökur.

Leiðbeiningar fyrir hrekkjavöku

Heimili og skóli gáfu út leiðbeiningar fyrir hrekkjavöku á farsóttartímum sem fóru í umfangsmikla rafræna dreifingu og þóttu það góðar að Almannavarnir óskuðu eftir leyfi til að gera þær að sínum, það er setja þær upp með sinni eigin hönnun og dreifa þeim með vísun í upprunann.

Hugmyndir fyrir vetrarleyfi

Heimili og skóli settu upp spjald með hugmyndum fyrir fjölskyldur í vetrarleyfi á farsóttartímum og dreifðu þeim rafrænt.

Eðli málsins samkvæmt var minna um útprentaða útgáfu og dreifingu árið 2020 í ljósi ástandsins og sóttvarnaráðstafana. Rafræn dreifing tók hins vegar við sér og við dreifðum bæði eldra efni og nýju með rafrænum hætti.

Frekari upplýsingar um efni og útgáfu er að finna á heimiliogskoli.is og saft.is.

4.2. Heimasíða og Facebook

Á heimasíðu samtakanna, http://heimiliogskoli.is, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi. Heimili og skóli eru með fésbókarsíðu (Facebook) sem opnuð var haustið 2009 og Youtube rás. Samtökin hafa nú 5.624 fylgjendur Facebook.

SAFT er með eigin síðu, http://saft.is og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. Facebook (2.255 fylgjendur) og Youtube. Auk þessa sjáum við um facebook síðurnar neteinelti.is (801 fylgjandi) og Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð (1.580 fylgjendur).

5. *SAMSTARF INNANLANDS*

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnaverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- Samráðshópur um skólahald á tímum heimsfaraldurs, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Fulltrúar voru Hrefna Sigurjónsdóttir, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir og Þórður Ingi Scheving Bjarnason.
- Samstarfshópur vegna viðbótarskýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Ráðgjafarhópur um þjóðarátak í þágu forvarna fyrir börn og ungmenni – Eitt líf. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Samráðsfundir um nýja menntastefnu, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Velferðarvaktin, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir.
- Náum áttum er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur mánaðarlega morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð. Sigurður Sigurðsson.
- SAMAN-hópurinn vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna og sendir jákvæð og uppbyggjandi skilaboð til foreldra. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Forvarnardagurinn 2020. Dagurinn var haldinn í fyrsta sinn árið 2006 og hefur síðan þá verið haldinn á hverju ári í október. Heimili og skóli bættust á árinu formlega í hóp þeirra sem að deginum standa en það eru: Embætti landlæknis í samstarfi við embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Skátana, Ungmennafélag Íslands, Rannsóknir og greiningu, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samstarf félagasamtaka í forvörnum, Samfés og Heimili og skóla. Fulltrúi Heimilis og skóla í hópnum er Sigurður Sigurðsson.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu Göngum í skólann. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótta- og ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla er Hildur Halldórsdóttir.
- Heimili og skóli eiga aðild að Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir situr í félagsráði Radda.
- Dagur leikskólans. Hrefna Sigurjónsdóttir hefur setið í undirbúningsnefnd síðastliðin ár.
- Samstarfsnefnd um verkefni Evrópuráðsins um hatursorðfæri á netinu (No Hate Speech Movement), mennta- og menningarmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- Samráðsnefnd leik- og grunnskóla, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara.

- RANNUM – rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun. Guðberg K. Jónsson.
- Dómnefnd í smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla. Bryndís Jónsdóttir.
- Net- og upplýsingaöryggi, stefnumótun, dómsmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- Starfshópur sem vinnur að því að kortleggja úrræði lögreglu vegna dreifingar kláms á netinu og gera tillögur að breytingum, einkum m.t.t. þess að börn hafi ekki aðgang að grófu efni. Guðberg K. Jónsson.
- Ráðgjafanefnd Menntamálastofnunar. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir.
- Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins. Hildur Halldórsdóttir.
- Sterkari út í lífið, framkvæmdahópur. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af Almannaheill – samtökum þriðja geirans. Hrefna Sigurjónsdóttir situr í varastjórn Almannaheilla.
- Ráðgjafahópur fræðaseturs í félagslegri nýsköpun, samstarfsverkefni Almannaheilla, Háskóla Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana og/eða frumvarpa til laga þegar við á og senda út ályktanir.
- Fjölmiðlar leita gjarnan til samtakanna og hefur þá yfirleitt framkvæmdastjóri Heimilis og skóla setið fyrir svörum. Starfsmenn og stjórn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmiðla og veita upplýsingar.

6. *ERLENT SAMSTARF*

NOKO – Nordisk Komitté

Heimili og skóli eru í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Komitté, með foreldrasamtökum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Einnig er haldin ráðstefna annað hvert ár. Finnsku foreldrasamtökin Suomen Vanhempainliitto bættust í hóp samstarfsaðila NOKO í apríl 2019 en fyrir voru finnsku foreldrasamtökin Hem och skola sem eru foreldrasamtök sænskumælandi Finna ásamt foreldrasamtökum hinna Norðurlandanna. Ísland fer nú með formennsku en Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður Heimilis og skóla fer einnig með formennsku í Noko.

Hún mun gegna því hlutverki til ársins 2022 þar sem fresta þurfti NOKO ráðstefnu hér á landi í september eins og áætlað var að halda en þar áttu að fara fram formannaskipti.

Vegna farsóttarinnar féllu öll ferðalög og staðbundnir fundir niður á árinu en haldinn var fjarfundur á Zoom þann 18. september 2020. Farið var meðal annars yfir stöðuna í hverju landi og áhrif farsóttarinnar á skólahald.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði NOKO

NABO – Norrænt samstarf gegn einelti

Árið 2018 hófst formlega norrænt samstarf gegn einelti en FRIENDS International Center Against Bullying í Svíþjóð (Stiftelsen Friends) hafði í nokkurn tíma verið í sambandi við ýmsa hagsmunaaðila á Norðurlöndunum í því augnamiði að skapa sameiginlegan vettvang til að deila þekkingu og vinna gegn einelti. Hrefna Sigurjónsdóttir hefur verið fulltrúi Heimilis og skóla í hópnum og stofnmeðlimur en Hildur Halldórsdóttir tók einnig þátt í rafrænum fundum á árinu. Árið 2019 fékk hluti hópsins styrk frá Norrænu rannsóknarstofnuninni í kvenna- og kynjafræðum (NIKK, Nordisk information för kunskap om kön eða Nordic Information on Gender) til að vinna saman að verkefni sem snýst um að safna saman gagnreyndri þekkingu til að vinna gegn kynferðislegu áreiti og einelti, einkum í skólum og frístundastarfi. Samtökin FRIENDS sóttu um styrkinn og samstarfsaðilar eru frá Finnlandi (Folkhälsan, Mannerheimin lastensuojeluliitto/Mannerheim League for Child Welfare), Litháen (Vaiku Linija/Child Line) og Íslandi (Heimili og skóli og SAFT). Auk þess að safna saman gagnreyndri þekkingu er ætlunin að halda ráðstefnu í tengslum við málefnið en farsóttin hefur hér sett strik í reikninginn líkt og annars staðar.

Barnaheill

Save the Children á Íslandi höfðu samband við Heimili og skóla og Embætti landlæknis og óskuðu eftir okkar framlagi í alþjóðlegu samstarfsverkefni um heilsueflingu og forvarnir í albönskum skólum. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, var til ráðgjafar í tengslum við íslenska forvarnamódelið og foreldrastarf. Rafn Jónsson var til ráðgjafar um heilsueflingu og forvarnir fyrir hönd Embættis landlæknis og Þóra Jónsdóttir var fulltrúi Barnaheilla og tengiliður verkefnisins hér á landi. Haldnir voru Skype fundir og skýrslur útfylltar í kjölfarið. Í seinni hluta verkefnisins, sem er í raun áframhaldandi ráðgjöf, mun Þóra finna annan fulltrúa í stað Hrefnu Sigurjónsdótttur sem hverfur til annarra starfa. Greitt var fyrir þátttöku í verkefninu og rann greiðsla fyrir störf Hrefnu til Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.

Íslenska forvarnamódelið

– Planet Youth íslenska forvarnamódelið svokallaða hefur vakið heimsathygli á síðastliðnum árum og vilja aðrar þjóðir feta sömu slóð. Um er að ræða árangur Íslendinga í forvörnum síðastliðna áratugi en á rúmum 20 árum hefur unglingadrykkja og vímuefnaneysla unglinga minnkað mikið og nánast horfið í vissum árgöngum. Árangurinn byggir á samstarfi margra hlutaðeigandi aðila s.s. foreldra, kennara, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga og annarra í nærumhverfi barna og ungmenna. Nánari upplýsingar er meðal annars að finna á heimasíðu Rannsókna og greininga, rannsoknir.is, og víðar. Rannsóknir og greining hafa kynnt aðferðafræðina víða um heim undir heitinu Planet Youth en hugmyndafræðin er m.a. notuð í Hollandi, Írlandi, Spáni, Chile og Ástralíu. Heimili og skóli hafa ekki farið varhluta af þeirri athygli sem íslenska forvarnamódelið hefur hlotið og tekið á móti fjölda erlendra gesta í tengslum við það en eðli málsins samkvæmt var slíkum heimsóknum aflýst árið 2020. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla var þó með erindi á alþjóðlegri Planet Youth ráðstefnu Rannsókna og greininga á Grand Hótel Reykjavík 6. mars 2020 og sagði þar m.a. frá starfi Heimilis og skóla og mikilvægi þess að virkja foreldra í forvörnum.

7. LOKAORÐ



Sigrún Edda Eðvarðsdóttir
formaður Heimilis og skóla

Nú þegar litið er yfir starfsárið 2020 er óhætt að segja að það hafi verið viðburðaríkt og krefjandi. Það er fátt sem hefði getað undirbúið okkur fyrir þær óvæntu áskoranir sem fylgdu heimsfaraldrinum Covid-19. Heimsfaraldur sem markað hefur djúp spor í okkar daglega líf og gerir enn. Áskoranir sem unga fólkið okkar, foreldrar, heimilin og skólar landsins hafa ekki farið varhluta af líkt og samfélagið allt.

Á stuttum tíma var skólastarf endurskipulagt, nemendum, kennurum og starfsfólki skóla var skipt upp í sóttvarnarhólf. Reynt var að halda skólum landsins opnum sérstaklega á leik- og grunnskólastigi með tilheyrandi ráðstöfunum. Aðgengi foreldra að skólastarfinu sem og annarra var mjög takmarkað eða jafnvel ekkert til að hægt væri að halda úti kennslu, lágmarka smit og verja innviði samfélagsins.

Það má segja að sterkir innviðir íslenskt skólasamfélags hafi orðið til þess að við náðum að stíga stór lærdómsskref á stuttum tíma og stilla saman strengi allra þeirra sem mynda skólasamfélagið, og halda úti kennslu þar sem hluti námsins fór m.a. fram heima með öryggi og velferð nemenda að leiðarljósi. Nám og kennsla á framhalds- og háskólastigi fór hins vegar að miklu leyti fram á netinu þar sem skóladagar margra ungmenna einkenndust af fjarkennslu og fjarlægðartakmörkunum auk þess sem lítið var um félagslíf né fagnaði.

Við hjá Heimili og skóla höfum heldur ekki farið varhluta af þeim áhrifum sem farsóttin og heimsfaraldurinn hefur haft á okkar starf líkt og annarra félagasamtaka, fyrirtækja eða stofnana. Í stað þess að leggja árar í bát reyndum við að laga starfsemi okkar að aðstæðum samfélagsins og leita leiða til að sinna okkar mikilvæga hlutverki með forgangsröðun, sveigjanleika og auknu samtali og samstarfi hagsmunaaðila.

Við líkt og fleiri stigum því stór skref og færðum fræðslu samtakanna í auknum mæli yfir á netið og gáfum félagsmönnum um land allt aukin tækifæri til þátttöku. Mikil ánægja hefur verið með þessa þróun og sjáum við fyrir okkur að efla þennan fræðslu- og forvarnarþátt enn frekar með aðstoð tækninnar til að styrkja foreldra í sínu mikilvæga hlutverki og hlúa að mikilvægu samstarfi heimila og skóla. Fyrirhugaðri NOKO ráðstefnu sem ætlunin var að halda hér á landi á haustdögum 2020 var ákveðið að fresta til ársins 2021 í jósi ástandsins. Nýlega var hins vegar tekin ákvörðun um að fresta henni alfarið til haustsins 2022. Undirrituð mun því áfram gegna formennsku í norrænu foreldrasamtökunum fyrir hönd Heimilis og skóla. Án efa munum við deila reynslu okkar og nálgun á Covid tímum með systursamtökum okkar og hvaða áhrif og lærdóm við getum dregið af áhrifum farsóttarinnar á skóla- og foreldrastarf og líðan barna og ungmenna.

Stjórn samtakanna hefur haft það að markmiði sínu að efla grasrótarstarf samtakanna og fjölga svæðaráðum foreldrafélaga. Í upphafi árs 2020 eða korter fyrir Covid, tókum við þátt í stofnfundi svæðasamtakanna AK-HVA sem við höfðum unnið að í samstarfi við foreldrafélög grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Sú vinna var liður í að efla og auka samstarf foreldrafélaga innan ákveðins svæðis og fjölga svæðasamtökum um landið. Þessu stóra verkefni er langt í frá lokið og bindum við vonir við að halda þeirri mikilvægu vinnu áfram um leið og mögulegt er. Það sem barátttan við heimsfaraldurinn hér á landi hefur sýnt okkur sem hér búum er án efa hvað við getum áorkað þegar allir leggjast á eitt. Því með samstöðu og samvinnu

erum við líklegri til að ná árangri en ella. Með því hugarfari getum við svo sannarlega látið til okkar taka og haft áhrif á hvernig samfélag við viljum taka þátt í að skapa börnunum okkar. Þannig eigum við að sama skapi að geta tekist á við áskoranir skólasamfélagsins á hverjum tíma, hverjar sem þær kunna að vera með vellíðan og velgengni þeirra að leiðarljósi.
Ég vil nota tækifærið og þakka stjórn og starfsfólki samtakanna innilega fyrir gott og gefandi samstarf á krefjandi tímum. Það er hverju samfélagi dýrmætt að eiga öflugt og gott fólk sem brennur fyrir vellíðan barna og ungmenna í sínu skólasamfélagi og hefur hag þeirra að leiðarljósi. Fyrir ykkar dýrmæta starf vil ég þakka sömuleiðis.

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur
1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir
2.gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða
- skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarf semi sem
- stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því
- að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi.

Aðild
3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag
4.gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmálaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef

löglega er til hans boðað.Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:
a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar.
c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram.
d) Kosning í stjórn samtakanna.
e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
f) Önnur mál.
Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn
5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.
Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og oftar ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.
7.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

Fjármál
8 gr. Tekjur samtakanna eru:
1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.
Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar
Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 2008.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

LAUGAVEGUR 176, 105 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100, WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS